Fréttir af verkefninu og staða framkvæmda

- Breyting á aðkomu að Landspítala við Hringbraut
- Aðkoma að aðalinngangi Barnaspítala
- Bannmerkingar á akstri á lóð Landspítala og við framkvæmdasvæði
- Gerð hjólaskýlis við ný bílastæði við eldhúsbyggingu Landspítala
- Framkvæmdir við kvennadeild og Barnaspítala
- Lok framkvæmda við gatnamót Laufásvegar og Gömlu Hringbrautar
- Jarðvegsframkvæmdir við nýjan meðferðarkjarna
- Gerð undirganga undir Gömlu Hringbraut
- Ný akstursleið inn á framkvæmdasvæði meðferðarkjarna

Breyting á aðkomu að Landspítala

Breyting hefur orðið á aðkomu Landspítala við Hringbraut. Ekki er lengur hægt að aka í gegnum Gömlu Hringbraut að deildum Landspítala eins og sjá má á eftirfarandi myndbandi:
https://www.facebook.com/nyrlandspitali/videos/2043879582327813/

Aðalinngangur Barnaspítala (Sjá nr. 1 á korti)

Aðalinngangur Barnaspítala verður hér eftir með akstursaðkomu frá Laufásvegi og Barónsstíg með sleppistæðum, ásamt bílastæðum fyrir fatlaða. Gönguleið er opin til suð-austurs niður á gjaldskyld bílastæði ofan við Gömlu Hringbraut, sunnan við Gamla Spítala.
Nánari upplýsingar á eftirfarandi myndbandi:
https://vimeo.com/330684994

Þessi stæði eru eingöngu hugsuð sem skammtíma- og sleppistæði fyrir foreldra og aðstandendur sem eiga erindi á Barnaspítalann og eru ekki ætluð fyrir starfsmenn.

Mikilvægt að virða bannmerkingar vegna aksturs á lóð Landspítala og við framkvæmdasvæðið

Athygli er vakin á því að virða bannmerki á innakstri á nokkrum stöðum á lóð Landspítala.

Einstefna er á akstri frá bílastæðum neðan gamla spítala upp að kringlu og kvennadeild.

Allur innakstur frá Eiríksgötu inn á lóð geðdeildar er bannaður.

Allur akstur frá Vatnsmýrarvegi, við jaðar framkvæmdasvæðis, upp á Gömlu Hringbraut er bannaður nema akstur strætisvagna.

Bílastæði við eldhús og rannsóknastofur við Eiríksgötu. (Sjá nr. 2 á korti)

Unnið er að klára hellulagnir í kringum bílastæðin við Eiríksgötu. Nýtt og glæsilegt hjólastæði sem kemur við endann á bílastæðunum er í útboðsferli. Bílastæðin eru ætluð fyrir sjúklinga og eru með snjóbræðslukerfi.

Uppsteypun á lagnagangi meðfram kvennadeild. (Sjá nr. 3 á korti)

Vinna við uppsteypu á kvennadeildargangi er í fullum gangi. Bergskeringum er nánast lokið fyrir utan tvær sprengingar sem verða í vikunni. Unnið er við að fylla af bæði gang við Barnaspítala og kvennadeild eftir því sem steypuvinnu og frágangi lýkur.
Vegna þessarar framkvæmdar er einstefna á akstri frá bílastæðum neðan gamla spítala upp að kringlu og kvennadeild. Það er ekki hægt að aka niður frá kringlu að bílastæðum neðan gamla spítala meðan á þessum framkvæmdum stendur. Áætlað er að framkvæmdum á þessu svæði ljúki um miðjan júní.
Framkvæmdir við suðurenda kvennadeildar eru enn í gangi og er suðurinngangur kvennadeildar lokaður meðan á þeim stendur.

Framkvæmdir við Barnaspítala og uppsteypa tengigangs. (Sjá nr. 4 á korti)

Búið er að tengja saman vatns – og fráveitulagnir á milli Barnaspítala og kvennadeildar. Eftir er að ganga frá loka legu á heitavatnslögn og farið verður í það þegar fylling meðfram tengigangi er komin vel á veg.
Athygli er vakin á því að þegar búið verður að fylla að við tengiganginn þá hefjast framkvæmdir við gerð bílastæða við inngarðinn fyrir sunnan Barnaspítalann. Sú vinna hefst fljótlega.

Lok framkvæmda við gatnamót Laufásvegar og Gömlu Hringbrautar. (Sjá nr. 5 á korti)

Vinnu við hellulagnir er að mestu lokið. Umferðarljós eru tilbúin og eftir er að mála yfirborðsmerkingar á gatnamót.
Allar upplýsingar á akstri strætisvagna er að finna á vefslóðinni www.straeto.is
Athygli er vakin á því að til að tryggja aðgengi strætó um Barónsstíg hefur verið lagt bann við bifreiðastöðum við austurkant Barónsstígs milli Eiríksgötu og Laufásvegar.
Starfsmönnum LSH er bent á að leggja ekki á þessu svæði því það hindrar för strætisvagna um Barónsstíg.

Jarðvegsframkvæmdir við nýjan meðferðarkjarna. (Sjá nr. 6 á korti)

Vinna við sprengingar og uppgröft nýs meðferðarkjarna heldur áfram fyrir neðan Gömlu Hringbraut. Aðallega er sprengt norð-vestan megin í grunninum þessa dagana sem og dýpkun á völdum stöðum. Svæðið er afgirt til að auka öryggi á svæðinu.
Svæðið er vaktað og öll umferð um svæðið er bönnuð.

Gerð undirganga undir Gömlu Hringbraut. (Sjá nr. 7 á korti)

Framkvæmdir halda áfram við gerð undirganga undir Gömlu Hringbraut alveg út við Snorrabraut, þannig að svæðið út við Bústaðaveg og Snorrabraut er uppgrafið.
Jarðvinna fyrir undirgöngin er hafin. Vinna við smíði stoðveggja er í fullum gangi og var undirstaða tveggja stoðveggja steypt í vikunni. Vinna við lagnir á svæðinu er langt komin.
Vakin er athygli á því að gönguleið er núna frá Læknagarði og upp á Bústaðaveg og þar meðfram til að komast að geðdeild. Ekki er lengur opin gönguleið í gegnum framkvæmdasvæðið.
Framkvæmdir við gerð undirganganna mun standa yfir fram á haust.

Breyting á aksturleið inn á vinnusvæði meðferðarkjarnans.

Til stendur að færa aksturleið vinnuvéla og vörubíla inn á lóð meðferðarkjarnans að vestanverðu. Nýja aðkoman verður frá sömu götu og núverandi akstursleið er frá Læknagarði. Samhliða þessu munu gönguleiðir í átt að Læknagarði breytast. Farið verður í þessar breytingar í júní.

Yfirlitsmyndir af svæðinu. (Sjá gula punkta á korti)

Búið er að setja upp yfirlitsmyndir af svæðinu á völdum svæðum til að gangandi vegfarendur átti sig á gönguleiðum um svæðið.

Skýringarmynd

Á kortinu eru sýndar gönguleiðir, götulokanir og framkvæmdasvæði.



Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:
Ásbjörn Jónsson verkefnastjóri NLSH, 841 7050 eða netfangið asbjorn@nlsh.is
Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða magnus@nlsh.is.

Sértækar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Stefán Hrafn Hagalín 897 3644 stefanhh@landspitali.is og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 bgisla@hi.is

Hringbrautar verkefnið

nlsh.is